

## 246. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

<b>Fundarefni:</b>	Skv. dagskrá fundar		
<b>Fundardagur:</b>	14. jan. 2016	<b>Fundartími:</b>	16.30 – 19.00
<b>Fundarstaður:</b>	Árskógar 8. 109, Reykjavík.	<b>Fundarritari:</b>	Gunnar H. Sigurðsson
<b>Fundarmenn:</b>	Kristján Ottósson (KO), Sveinn Áki Sverrisson (SÁS), Jón Guðmundsson (JG), Birgir Hólm (BH), Gunnar H. Sigurðsson (GS).		
<b>Forföll:</b>	Helgi Pétursson (HP), Böðvar Ingi Guðbjartsson (BIG) og Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS)		

1. Fundur settur. (SÁS) formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fund ársins 2016. Þóra eiginkona Kristjáns bauð fundarmönnum uppá kaffi og pönnukökur og færur við henni þakki fyrir gestrisnina.
2. Fundargerð stjórnar nr. 245. Engin athugasemd við síðustu fundargerð og hún samþykkt.
3. Fréttabréf 125.  
KO kynnti nýútkomið fréttabréf 125 og afhenti fundarmönnum. Þá kom fram að fréttabréf nr. 126 væri komið í vinnslu.
4. Viðurkenning Lofsvert Lagnaverk, Slökkvistöð Mosfellsbæ.  
Sveinn Áki sagði að vel hefði tekist til með afhendingu verðlauna fyrir lofsvert Lagnaverk sem Slökkvistöð Mosfellsbæjar fékk afhent. Sagði Sveinn að athöfnin hefði öll verið félaginu til fyrirmyndar og tóku fundarmenn undir það.
5. Fréttabréf 126.  
KO sagði að fréttabréf nr. 126 væri komið í vinnslu.
6. Lagnakerfamiðstöð.  
Málefni Lagnakerfamiðstöðvar bar aðeins á góma, en menn eru á þeirri línu að það sé best að eyða ekki miklu púðri í hana, hún sé barn síns tíma. Menn þurfa að fara að hugsa um aðra hluti.

7. Mannvirkjastofnun „Skoðunarhandbækur“, hver er staðan ?

(JG) fjallaði um skoðunarhandbækurnar og að það ferli væri í höndum Umhverfissráðuneytis.

Það kom fram í máli Jóns að Umhverfissráðuneytið hefði ekki birt útkomu skoðunarhandbókarinnar í stjórnartíðindum og í raun væri hún ekki í gildi fyrr en það væri búið. Hann sgdði einnig að verið væri að vinna að því að komma henni í rafræt form.

8. Fóðrunaraðferðir á lögnum, sem eru í boði, og hver er árangurinn ?

Birgir Hólm ræddi um vandamál sem virðist vera víða í rörum og ofnum þar sem þeir eru, virðist vera sem járnkurl safnist saman í rörum og botnum ofna. Menn sem hafa skoðað þetta vandamál telja að einhver baktería þrífist við ákveðið hitastig 40 – 50 gráður, sem skapi þetta. Menn hafa verið að setja segulsíur á inntakslagnir, þ.e. heitt og kalt vatn. Birgir sýndi fundarmönnum myndir af þessu máli sínu til stuðnings. Birgir sagði að Vilhjálmur Einarsson hjá BYGG hafi skoðað þessi mál mjög mikið og hefði mikið af upplýsingum í sínum fórum. Ákveðið hefur verið að hafa fund um þetta verkefni hjá lðunni undir umsjón Birgis. KO lagði til að niðurstöður fundarins yrðu settar inná heimasíðu LAFÍ.

9. Það heyrir ekkert frá stjórnarmönnum, til að skrifa á heimasíðu félagsins, Facebook og í Fréttabréfið.

10. Önnur mál.

Sveinn Áki sagði frá námskeiði sem hann hélt í lðunni um afhendingu lagna frá pípulagnamönnum, og svona námskeiði þyrfti að koma á fyrir afhendingu loftræstikerfa, stokkalögnum, stjórnkerfi ofl. Kristján ræddi um merkingar fyrir stokkalagnir og pípulagnir og lagði áherslu á að ítreka þessa hluti við lagnamenn. Birgir Hólm ætlar að kanna hvort möguleiki sé að koma svona námskeiði á fót. Kristján Ottósson kom aðeins inná fagraðin og sagði að hann hafi verið í sambandi við Snæbjörn Rafnsson um að hafa yfirumsjón með fagraðunum og í fyrstu hafi hann tekið vel í það en dregið síðan í land með það. Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl: 18.00

## **Til minnis fyrir stjórn:**

- |   |   |
|---|---|
| 1. Ritnefnd:                                | Guðmundur H., Birgir H.Ó., Ólafur B., Þorlákur J., Rúnar B. |
| 2. Fagráð loftræstikerfa                    | Kjartan Mar Eiríksson                                       |
| 3. Fagráð pípulagna                         | Böðvar Ingi Guðbjartsson                                    |
| 4. Fagráð stjórnkerfa                       | Gunnar Sigurðsson   |
| 5. Gæðamatsráð                              | Egill Skúli Ingibergsson                                    |
| 6. Viðurkenningarnefnd v/lofsvert lagnaverk | Þórður Ólafur Búason  |
| 7. Heimasíða LAFÍ                           | Kristján Ottósson, Örn Sigurðsson                           |

Póstfang (E-mail) [lafi@simnet.is](mailto:lafi@simnet.is)

**Heimasíða:** [www.lafi.is](http://www.lafi.is) og [Facebook](https://www.facebook.com/lafi.is)